

**192. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
12. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2102301 - Flóahverfi - þróunarsvæði

Starfsmenn Landsvirkjunar kynna skýrslu sem verið er að vinna á vegum Landsvirkjunar, er varðar nýfjárfestingu og að bæta samkeppnishæfni Íslands við nágrannalönd.

Dagný Jónsdóttir og Sigurður H. Markússon kynntu fyrir fundarmönnum rannsóknir Landsvirkjunar varðandi fýsileika vistvænna iðngarða á Íslandi. Skipulags- og umhverfissráð þakkar góða kynningu.

Skipulagsfulltrúa er falið að koma með drög að úthlutunarreglum fyrir Flóahverfi sem styður undir hugmyndir um vistvæna iðngarða.

2. 2104110 - Kynning á uppbyggingu

Kynning.

Ólafur Valur Steindórsson og Ellert Björnsson frá Fastefli ehf., kynntu hugmyndir um uppbyggingu og byggð á Sementsreitnum.

3. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Skipulagsfulltrúi kynnir næstu skref í málinu. Úrdráttur úr greinargerð yfirfarin.

Úrdráttur úr greinargerð lagður fram til frekari vinnslu á næsta fundi ráðsins.

4. 2104078 - Deiliskipulag Ægisbrautar - endurskoðun

Kynning á fyrstu skrefum að endurskoðun á deiliskipulagi Ægisbrautar. Með tilliti til breytingar á Aðalskipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að setja af stað deiliskipulagsvinnu vegna endurskoðunar á deiliskipulagi við Ægisbraut.

5. 2104079 - Sala fasteigna Akraneskaupstaðar

Umræður um sölu og kaup á fasteignum í eigu Akraneskaupstaðar.

Farið yfir möguleika á sölu fasteigna hjá Akraneskaupstað. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

6. 2104080 - Flóahverfi - gatnagerð

Huga þarf að frekari gatnaframkvæmdum til úthlutunar á fleiri lóðum í Flóahverfi.

RS

Skipulags- og umhverfiráð felur sviðsstjóra að undirbúa frekari gagnagerð í Flóahverfi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ragnar Samundsson
Guðrún Ólafsson
1. Ólafur Þorvaldursson
Sveinur Þorvaldursson
Sig. P. H.

Halla María Arnalíð
Björn Magnússon
Safdris Sigurþórsdóttir.